



samband  
íslenskra  
framhaldsskólanema

# Ársskýrsla

## 2013-2014

## Kæru framhaldsskólanemar,

Nú er áttunda starfsári SÍF lokið, með tilheyrandi tímamótum. Nú horfir maður til baka og fer yfir þá sigra sem við höfum unnið þessu ári, en einnig það sem hefði mátt betur fara. Frá því að nokkrir framhaldsskólanemar komu saman og hugmyndin um SÍF fæddist höfum við náð grunnmarkmiði sambandsins; SÍF er sameiginlegur málsvari allra framhaldsskóla á landinu. Lengi vel þurftu fulltrúar SÍF að berjast kröftulega fyrir því að rödd nemenda fengi að heyrast í stórum ákvörðunaratökum. Nú er sagan önnur, en SÍF á fulltrúa í öllum nefndum á vegum hins opinbera sem vinna að málefnum framhaldsskólanna. Með auknum áhrifum okkar innan hins opinbera hefur sýnileiki SÍF einnig aukist.

Þetta ár er búið að vera viðburðaríkt hjá nemendum á framhaldsskólastigi og hefur SÍF reynt eftir bestu getu að tala fyrir hönd nemenda og sjá til þess að gætt sé að hagsmunum þeirra. Í ár létu nemendur í sér heyra og sýndu fram á það þeir muni ekki sitja aðgerðalausir þegar þrengt er á beltinu aftur og aftur. Það er mjög ánægjulegt því það er nauðsynlegt er að þeir sem lifa og hrærast í kerfinu, þeir sem þiggja þjónustuna, hafi áhrif á þróun þess.

Ég er stolt yfir því sem við höfum áorkað saman í ár, en við erum langt frá því að vera búin, þetta er bara byrjunin. Nú er komið að ykkur að sýna enn betur hvað í ykkur býr og standa með ykkur sjálfum og ykkar réttindum. Ég þakka kærlega fyrir árið og samvinnuna og bíð spennt eftir komandi tímum.

---

Laufey María Jóhannsdóttir  
Formaður SÍF

## Framkvæmdastjórn, stjórn, Síf-arar og ráðgjafar

Starfsárið 2013-2014 sátu eftirtaldir fulltrúar í framkvæmdastjórn félagsins:

- Laufey María Jóhannsdóttir, formaður, frá Kvennaskólanum í Reykjavík.
- Eydís Blöndal, varaformaður, frá Menntaskólanum við Hamrahlíð.
- Jakob Steinn Steinsson, gjaldkeri, frá Menntaskólanum við Sund.
- Þórarinn Gunnarsson, alþjóðafulltrúi, frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
- Hrefna Ósk Jónsdóttir, verkefnastjóri, frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.
- Kristinn Örn Elfar Clausen, verkefnastjóri, frá Verkmenntaskólanum á Akureyri (lét af störfum í nóvember).
- Margrét Aðalheiður Önnu- og Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri, frá Menntaskólanum við Hamrahlíð.
- Karen Björk Eypórsdóttir, verkefnastjóri, frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, umboð frá framkvæmdastjórn (hóf störf í apríl).

Starfsárið 2013-2014 sátu eftirtaldir fulltrúar í Miðstjórn SÍF:

- Orri Viðarsson, Menntaskólinn við Sund
- Þorsteinn Eyfjörð, Kvennaskólinn í Reykjavík
- Hinrik Hafsteinsson, Fjölbrautaskóli Suðurnesja
- Þórgnýr E. J. Albertsson, Menntaskólinn við Hamrahlíð
- Bergþóra Ingbórsdóttir, Fjölbrautarskóli Vesturlands Akranesi

Félagslegir endurskoðendur SÍF árið 2013-2014 voru:

- Eva Brá Axelsdóttir fyrrverandi formaður SÍF
- Andri Steinn Hilmarsson fyrrverandi gjaldkeri SÍF
- Hjalti Vigfússon fyrrverandi varaformaður SÍF

Fundir framkvæmdastjórnar voru haldnir að jafnaði einu sinni í viku en þó sjaldnar yfir jólaþróf og sumarmánuðina. Starfsárið 2013-2014 hélt framkvæmdastjórn SÍF alls 40 fundi og af voru 3 vinnufundir. Framkvæmdastjórn heldur fundargerðir samkvæmt fundarsköpum og má óska eftir afritum af fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins.

Vinnufundir framkvæmdastjórnar eru haldnir að jafnaði 3 sinnum yfir starfsárið. Markmið fundanna er tvíþætt; á fundunum eru lagðar fram framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og fyrirbyggjandi verkefni skýrð í samræmi við markmið og stefnu félagsins. Til viðbótar gegna fundirnir því hlutverki að efla samvinnu framkvæmdastjórnar.

Sambandsstjórn SÍF fundar í hið minnsta 2 sinnum yfir starfsárið. Á starfsárinu voru haldnir 2 fundir, annar í október 2013 í Reykjavík og sá seinni að Syðra-Langholti á Flúðum í mars 2013. Á fundunum var unnin málefnavinna ásamt því sem lagðar voru fram framkvæmda- og fjárhagsáætlanir. Fundirnir voru vel sóttir af fulltrúum aðildarfélaganna og stjórn. Óska má eftir fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins.

Síf-arar eru fulltrúar hvers aðildarfélags og kemur einn frá hverju aðildarfélagi. Er það aðildarfélaganna að ákvarða hvernig skuli skipa fulltrúa sinn. Síf-arar eru tengiliðir aðildarfélaganna við SÍF og mæta þeir einnig á sambandsstjórnarfundum.

Félagslegir endurskoðendur félagsins eru kjörnir á aðalþingi og koma úr röðum fyrrverandi stjórnarmanna. Þeir sinna því hlutverki að vera nýrri stjórn félagsins innan handar og vera leiðandi og skýrandi í fyrstu skrefum á nýju starfsári. Þeir sinna einnig því hlutverki að viðhalda og varðveita þekkingu sem skapast með hverju starfsári félagsins.

### **Skrifstofa og fjármagn**

SÍF deilir skrifstofu með Landsambandi æskulýðsfélaga í Hinu Húsinu í Reykjavík. Þar starfar framkvæmdastýra, Sunna Ingólfsdóttir í 50% vinnu.

Framkvæmdastjóri SÍF sér um daglegan rekstur félagsins og afgreiðir erindi sem berast á skrifstofuna. Skrifstofa SÍF gegnir í senn hlutverki upplýsingaþjónustu en þangað leita félagsmenn og einstaklingar á leið í nám eða í námi. Fyrirspurnir og erindi eru fjölbreytt eins og félagsmenn eru ólíkir en eiga það sameiginlegt að varða öll málefni námsmanna. Framkvæmdastjóri SÍF vinnur einnig náið með framkvæmdastjórn og tekur þátt í verkefnum félagsins.

Í júní 2012 var undirritaður nýr þjónustusamningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samningurinn er til 4 ára og tryggir félaginu rekstrargrundvöll árlega. Nýr þjónustusamningur veitir félaginu mikið svigrúm og tryggir áframhaldandi og öflugt starf. Stjórn SÍF átti fund með menntamálaráðherra og hefur verið óskað eftir álitum SÍF á málefnum er varða framhaldsskólanema, sem eru til umfjöllunar í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Í maí 2012 var einnig undirritaður nýr þjónustusamningur við Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN). Nýr þjónustusamningur við LÍN tryggir SÍF áframhaldandi setu í stjórn sjóðsins ásamt fjármagni en LÍN greiðir SÍF 800.000 kr. árlega skv. þjónustusamningi. Vor hvert skilar framkvæmdastjórn SÍF skýrslu til LÍN þar sem fjallað er um samskipti SÍF og sjóðsins á líðandi ári.

Félagið og starfsemi þess fer ört stækkandi og er því nauðsynlegt að tryggja aukið fjármagn samhliða stækkun félagsins. Einnig er mikilvægt að skera niður þar sem hægt er og á þessu starfsári hefur verið unnið hörðum höndum að því að lækka allan rekstrarkostnað og kostnað við viðburði og fundi. Hefur gengið það vel að nú sýnir ársreikningur SÍF eignir í stað skuldar og félagið er ekki rekið með halla. Verkefnavinna tímabilsins þurfti einnig að gjalda töluvert fyrir aðhald í fjármálum og því var ekki farið í öll þau verkefni sem voru á síðustu framkvæmdaráætlun. Stefna félagsins er að ná enn betur utanum reksturinn og eiga afgang eftir hvert almannaksár.

### **Aðildarfélög SÍF**

Frá aðalþingi ársins 2012 eru öll 32 nemendafélög framhaldsskóla Íslands aðildarfélög SÍF. Þar með eru nemendur allra framhaldsskóla á landinu aðildarmenn og samtakamáttur SÍF því mikill.

### **Þing og fundir**

Haldnir voru 34 framkvæmdastjórnarfundir, 3 vinnufundir, 2 sambandsstjórnarfundir og eitt aðalþing á starfsárinu. Fundir framkvæmdastjórnar eru iðulega haldnir á skrifstofu SÍF ásamt vinnufundum en sambandsstjórnarfundir eru til skiptis á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Í ár var fyrsti sambandsstjórnarfundurinn haldinn í Hinu Húsinu en sá seinni að Syðra Langholti á Flúðum. Aðalþing SÍF 2013 var haldið í Kvennaskólanum í Reykjavík 31. ágúst - 1. september. Framkvæmdastjórn heldur utan um fundargerðir samkvæmt fundarsköpum og má óska eftir afritum af fundargerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins.

### **Leiðtoganámskeið SÍF**

Leiðtoganámskeiðið SÍF fór fram í ágúst 2013 og þar var boðið upp á námsskeið fyrir formenn, gjaldkera, ritstjórnir skólablaða og SÍF-ara. Farið var yfir grunnatriði hvernar stöðu og þátttakendum gefinn kostur á að spurja fyrirlesara spjörnum úr. Einnig hélt Þórður Kristinsson fyrirlestur um jafnrétti fyrir alla fundargesti og var fólk sammála um að sá fyrirlestur og umræður í kringum hann hafi verið mjög góðar og mikilvægar. Leiðtoganámskeiðið var vel sótt af formönnum og öðrum í nemendafélögum skólanna, jafnt frá höfuðborgarsvæðinu og utan a landi.

### **Framhaldsskólablaðið**

SÍF hélt áfram útgáfu Framhaldsskólablaðsins á árinu í samstarfi við Guðmund Rúnar Svansson útgáfustjóra og eiganda blaðsins. Salka Valsdóttir var ráðin ritstjóri síðla árs 2013 og voru gefin út 5 blöð undir hennar stjórn. Blaðið fékk mikið hrós frá framhaldsskólanemum og þótti fræðandi, skemmtilegt og vel unnið. Umræða hafði verið um hlut kvenna innan blaðsins sem og í efnistöfum en þetta árið má segja að það hafi verið viðsnúningur í efnistöfum og töluvert var fjallað um konur í blaðinu. Nýr ritstjóri

hefur verið ráðinn en það er Steinunn Ólína Hafliðadóttir. Fyrsta blaðs er að vænta í lok ágúst.

### **Söngkeppni framhaldsskólanna**

Söngkeppnin fór fram í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 5. Apríl 2014. Samið var við Saga film um að halda áfram að framleiða keppnina en fyrir hana var fundað stíft til að ákveða allt sem viðkemur keppni og keppendum. Stórn SÍF og framkvæmdastjóri tryggðu góða stöðu keppenda og nemendafélaga á keppninni og var almenn ánægja meðal keppenda um undirbúninginn og keppnina sjálfa. Ákveðið var að hafa undankeppni um daginn og sýna hana beint í sjónvarpi. Þannig fengu allir keppendur að komast í sjónvarp en það fannst okkur mikilvægt.

Verkfall framhaldsskólakennara setti stórt strík í reikninginn og mæting á keppnina var mjög dræm þar sem ekki náðist að mynda stemmningu fyrir henni skólunum. Á aðalþingi 2014 er áætlað að ræða söngkeppnina og fá betri innsýn í skoðanir framhaldsskólanema á keppninni, og góðar hugmyndir til að gera hana enn flottari og með betri mætingu á næsta ári. Sigurvegarinn 2013 var Sara Pétursdóttir nemandi í Tækniskólanum.

### **Alþjóðastarf**

Einn fulltrúi í framkvæmdastjórn SÍF er kjörinn til þess að sinna hlutverki alþjóðafulltrúa. Sá aðili heldur utan um alþjóðastarf félagsins og er leiðandi í málum tengdum þeim. Á árinu fóru fulltrúar framkvæmdastjórnar á 4 viðburði á vegum Obessu. Þeir voru: auka aðalþing og þjálfun alþjóðafulltrúa í Búdapest, vinnufundur í Búdapest, vinnufundur í Róm og aðalþing í Vín.

SÍF leggur áherslu á að læra af systrasamtökum sínum og hafa mótandi áhrif á málaflökkinn á alþjóðavísu. SÍF er aðili að Obessu sem eru regnhlífasamtök fyrir evrópskar námsmannahreyfinga á framhaldsskólastigi. SÍF sækir námskeið, fræðslu, og ráðstefnur á vegum félagsins. Einnig taka framkvæmdastjórnarmeðlimir SÍF virkan þátt í innra starfi félagsins t.d. með setu, tillögu- og atkvæðarétti á fulltrúafundum og aðalþingi.

Auk starfs SÍF með Obessu átti SÍF þátt í stofnun nýs norræns félags, Nordic School Student Network (NSSN). Menntakerfi þeirra landa sem eiga aðilda að NSSN eiga margt sameiginlegt og sterkustu stúdentasamtök landsins eru þar. Því er þetta kjörið tækifæri fyrir SÍF til að vaxa með hjálp systrasamtaka. Formaður hefur sótt 2 fundi á vegum NSSN þar sem var farið í undirbúning, lög sambandsins ákveðin og svo fyrsta aðalþing haldið. Fyrsti fundurinn var haldinn í Álaborg í Danmörku og seinni fundurinn í Stokkhólmi í Svíþjóð.

## **Landssamband æskulýðsfélaga**

SÍF hefur aðild að Landssambandið æskulýðsfélaga (LÆF). LÆF eru regnhlífasamtök æskulýðsfélaga á Íslandi og samráðsvettvangur. Helstu verkefni LÆF eru að vera fulltrúi og málsvari ungs fólks gagnvart íslenskum stjórnvöldum, vera samráðs- og samstarfsvettvangur fyrir íslensk æskulýðsfélög, vera fulltrúar íslenskra ungmenna í ýmsu erlendu samstarfi, og vera í forystu í umræðu um æskulýðsmál. Stjórnarliðar SÍF hafa sótt ýmis námskeið á vegum LÆF og jafnframt sótt fulltrúaráðsfundi. Stjórnarliði SÍF mætti á stóran stefnumótunarfund LÆF, Samhljóm æskulýðsfélaga, febrúar síðastliðinn. Sá fundur var mjög lærdómsríkur fyrir SÍF og gaf okkur tækifæri á að móta stefnu LÆF og taka þátt í því frábæra starfi sem LÆF vinnur í þágu æskulýðsmála á Íslandi.

## **Efling jafnréttisvitundar í félagslífi framhaldsskólanema**

SÍF hafði barist fyrir því í langan tíma að farið yrði í að skoða félagslíf framhaldsskólanema og eftir fundi um málið með Mennta- og menningarmálaráðuneytinu var ákveðið að fara í samstarf um framkvæmd rannsóknar á félagslífinu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sótti um styrk í Framkvæmdasjóð jafnréttismála í maí 2013. Styrkur var veittur og SÍF sá um að framkvæma verkefnið. Verkáætlun var unnin og ákveðið var að Sunna Ingólfssdóttir framkvæmdastýra myndi taka að sér verkefnastjórnun og finna rannsakendur. Með hjálp Gyðu Margrétar Pétursdóttur hjá kynjafræðideild Háskóla Íslands voru tveir MA nemar í kynjafræði fengnir í verkið, þær Raket Magnúsdóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir. Sunna og Eydís Blöndal varaformaður SÍF hönnuðu og sendu út spurningarlista á formenn allra nemendafélaganna. Rannsakendur nýttu svör til að byggja upp sína rannsókn sem fór fram á vetrarmánuðum.

Í byrjun júní skiluðu rannsakendur skýrslu um rannsóknina en þar kom fram að jafnréttisvitund væri mjög lítil í mörgum framhaldsskólum landsins. Sérstaklega var fjallað um myndbandafélög og efnistöð myndbanda sem oft á tíðum eru niðrandi og laus við alla jafnréttisvitund. Jákvæðar niðurstöður voru þær að formenn skólanna eru til jafns karlar og konur en áður voru formenn nær eingöngu karlar. Einnig eru femínista- og jafnréttisfélög í nokkrum skólum og mikill áhugi á að ræða um þessi mál og gera betur. Seinni hluti verkefnisins er að kynna niðurstöður í skólum og nota efnið til fræðslu. Sú vinna verður hafin í haust.

## **Nefndarstörf og samráðshópar**

Á starfsárinu 2013-2014 átti SÍF á fulltrúa í eftirfarandi nefndum og hópum:

- Fulltrúaráð LÆF- Laufey María Jóhannsdóttir
- Stjórn LÍN- Eva Brá Önnudóttir
- Námsstyrkjanefnd LÍN – Laufey María Jóhannsdóttir
- HOFF- Laufey María Jóhannsdóttir
- Hjólað í skólann – Margrét Aðalheiður Önnu- og Þorgeirsdóttir.
- Aðgerðaráætlun í málefnum ungs fólks- Laufey María Jóhannsdóttir
- Inntökureglur í framhaldsskólum á vegum Menntamálaráðuneytisins – Laufey María Jóhannsdóttir
- Vinnustaðanámssjóður - Sunna Ingólfssdóttir
- Stýrihópur um framkvæmd verkefnisins *Jafnréttisvitund framhaldsskólanema* – Eydís Blöndal, Jakob Steinn Stefánsson, Þórarinn Gunnarsson og Sunna Ingólfssdóttir

## **Umsagnarbeiðnir og vinnuhópar**

Reglulega berast félaginu umsagnarbeiðnir m.a. um frumvörp til laga og þingstillöguályktanir. Hefur það verið stefna félagsins að svara öllum slíkum beiðnum. Í ár bárust félaginu nokkrar umsagnarbeiðnir er fjölluðu t.d. um Hvítbók um úrbætur í menntamálum og um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum. SÍF sat í vinnuhópi um skil grunn- og framhaldsskóla en hópurinn hefur unnið gott starf síðustu ár. Þetta ár var vilji innan hópsins til að endurskilgreina tilgang hans og skoða möguleikann á nýjum námsleiðum.

## **Fundur með Mennta- og menningarmálaráðherra**

Þann 11. desember sl. fékk SÍF fund með Illuga Gunnarssyni og aðstoðarfólki hans. Fundurinn gekk vel og þar voru rædd helstu baráttumál SÍF ásamt umræðu um þjónustusamninginn. Ráðherra sýndi áhuga á að fá umsagnir SÍF og fá stjórnarliða á fundi um málefni er varða framhaldsskólanema. Þau málefni sem SÍF ræddi og skildi eftir sem álitserðir voru eftirfarandi: Kynning á SÍF, brotthvarf, efnisgjöld og stytting náms til stúdentsprófs. SÍF hefur ekki fengið frekari fregnir af þeim málefnum sem voru rædd á fundinum en hægt er að nálgast álitserðir hjá framkvæmdastýru SÍF.

## **Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN)**

SÍF er með þjónustusamning við Lánasjóðinn og á fulltrúa í stjórn. Á starfsárinu 2012-2013 barst Lánasjóðinum niðurskurðarkrafa frá Mennta- og menningarmálaráðherra, henni átti að ná með því að herða námsframvindukröfur svo að hver lánþakandi þyrfti að klára það sem samsvarar 22 ECTS einingum í stað 18 ECTS til að teljast lánshæfur. Í kjölfarið kærði Stúdentaráð Háskóla Íslands LÍN og ríkið en SÍF kom inn í kærana sem meðgöngustefnandi. Málið vannst í héraðsdómi og héldust námsframvindukröfur því



óbreyttar á síðastliðnu ári. Mennta- og menningarmálaráðherra hélt þó niðurskurðarkröfu sinni til streitu og eftir stóð 350 milljóna króna gat í rekstri sjóðsins, brúa þurfti það bil í úthlutunarreglum komandi árs.

Fulltrúi SÍF sat ásamt fulltrúa SHÍ í nefnd um endurskoðun úthlutunarreglna næsta árs. Þar var reynt að finna leiðir til að skera niður á sem skástan hátt fyrir nemendur. Grunnframfærslan var hækkuð í samræmi við vísitölu og frítekjumarkið hækkað úr 750.000 í 930.000 en tekjuskerðingin jafnfræmt hækkuð í 45%. Með því er verið að reyna að koma til móts við meirihluta námsmanna og einnig þá sem minnst hafa milli handanna. Á komandi ári stendur til að fara í veigamikla úttekt á lánshæfi náms á framhaldsskólastigi í samræmi við hæfniprep.

### **Verkfall framhaldsskólakennara**

Kennarar í framhaldsskólunum fóru í verkfall 17. mars sl. en það stóð yfir í rúman hálfan mánuð. Stjórn SÍF ásamt framhaldsskólanemum úr ýmsum skólum stóðu að mótmælum verkfallsins. Mótmælin voru haldin fyrir utna Alþingishúsið en einnig fóru fram mótmæli og gjörningar víðs vegar um landið. Mótmælin tókust vel og var fjölmennt á Austurvelli. Töluverð fjölmiðlaumfjöllun var í kringum mótmælin en m.a. fóru Laufey María formaður og Hrefna Ósk verkefnastjóri SÍF í morgunútvarpi rásar 2. Einnig skrifaði Laufey greinina *Kæri framhaldsskólanemi* til að hvetja fólk til að mæta á mótmælin en formenn allra nemendafélaga landsins skrifuðu undir þá áskorun.

### **Ályktanir og greinaskrif**

Laufey María, Formaður SÍF sendi formlega frá sér nokkrar greinar á árinu sem birtust í dagblöðum landsins. Laufey lagði sérstaklega áherslu á alþjóðlegan dag námsmanna og nýtti það tækifæri til að benda á ýmislegt sem mætti betur fara í menntakerfi landsins. Sambandsstjórn sendi einnig frá sér nokkrar ályktanir sem hægt er að nálgast hjá framkvæmdastjóra.

### **Handbók um störf félagasamtaka**

Samhliða innri skipulagsbreytingum SÍF var hafist handa við vinnu við handbók um störf félagasamtaka. Handbókin kemur sér vel fyrir nýjar stjórnir SÍF og framkvæmdastjóra en er einnig ætlað að skýra hlutverk og ábyrgð fólks innan nemendafélaga. Áætluð útgáfa handbókarinnar er september nk.

### **Boxið- framkvæmdakeppni framhaldsskólanna**

Háskólinn í Reykjavík leitaðist í annað sinn eftir aðkomu SÍF að Boxinu- Framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Hrefna Ósk Jónsdóttir, úr stjórn SÍF sat í vinnuhóp keppinnar. Keppnin gekk vel og verður leitast eftir áframhaldandi samstarfi við HR.

## **Forvarnarstarf**

Verkefnið *Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum* hefur verið þróað í samráði við Heilbrigðisráðuneytið og Mennta- og menningarmálaráðuneytið undir formerkjum HoFF samstarfsins. HoFF er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Heilbrigðisráðuneytisins, Lýðheilsustöðvar og Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Fulltrúi SÍF situr í samráðshópi HoFF.

## **Hjólað í skólann**

Hjólað í skólann er samráðsverkefni Hjólafærni, ÍSÍ, Landlæknisembættisins, SÍF og annara aðila. SÍF tók virkan þátt í starfinu og síðasta haust var gefið út blað inni í Framhaldsskólablaðinu á vegum Hjólað í skólann en því var ritstýrt af fyrrverandi varaformanni SÍF Hjalta Vigfússyni.

## **Ráðning starfmanns**

Ráðinn var nýr framkvæmdastjóri í ágúst 2014 eftir að Sunna Ingólfssdóttir sagði starfi sínu lausu. Nýr framkvæmdastjóri er Hildur Björgvinsdóttir og mun hún starfa samhliða Sunnu á aðalþingi og hefja störf 1. september.